



## STARFSREGLUR FYRIR ENDURSKOÐUNARNEFND EIKAR FASTEIGNAFÉLAGS HF.

### 1. SKIPUN ENDURSKOÐUNARNEFNDAR

1.1. Stjórn Eikar fasteignafélags hf. skipar félaginu endurskoðunarnefnd, þar sem félagið er tengt almannahagsmunum m.a. vegna útgáfu verðbréfa sem skráð hafa verið í kauphöll, sbr. skilyrði 108 gr. a laga nr. 3/2006 um ársreikninga.

### 2. NEFNDARSKIPAN

2.1. Nefndarmenn skulu vera þrír og allir óháðir endurskoðanda eða endurskoðendum Eikar. Meirihluti nefndarmanna skal jafnframt vera óháður Eik og daglegum stjórnendum þess. Að auki skal einn nefndarmanna, sem bæði er óháður daglegum stjórnendum og félaginu, vera óháður stórum hluthöfum félagsins. Framkvæmdastjóri Eikar skal ekki eiga sæti í nefndinni. Nefndarmenn skulu hafa þekkingu og reynslu í samræmi við störf nefndarinnar og skal að minnsta kosti einn nefndarmanna hafa staðgóða þekkingu og reynslu á sviði reikningsskila eða endurskoðunar.

2.2. Nefndarmenn eru bundnir trúnaði um málefni Eikar og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu sem nefndarmenn.

### 3. HLUTVERK, TILGANGUR OG ÁBYRGÐ ENDURSKOÐUNARNEFNDAR

3.1. Starfssvið endurskoðunarnefndar nær til Eikar og félaga innan samstæðu Eikar. Endurskoðunarnefndin skal leitast við að tryggja áreiðanleika ársreikninga og annarra fjármálaupplýsinga ásamt óhæði endurskoðanda Eikar. Endurskoðunarnefndin skal meðal annars hafa eftirfarandi hlutverk (án tillits til ábyrgðar stjórnar Eikar, stjórnenda Eikar eða annarra):

3.1.1. Eftirlit með vinnuferli við reikningsskil.

3.1.2. Eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits Eikar og áhættustýringu og annarra eftirlitsaðgerða.

3.1.3. Eftirlit með endurskoðun ársreiknings félagsins og samstæðureiknings. Eftirlit með yfirferð ársreikninga.

3.1.4. Mat á óhæði endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis og þörf á innri endurskoðanda.

3.1.5. Eftirlit og mat á störfum ytri og innri endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis.

3.1.6. Setja fram tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis og innri endurskoðanda.

3.1.7. Meta reikningsskil og skýrslugerð stjórnenda um fjármál Eikar.

3.1.8. Hafa eftirlit með áhættugreiningu, áhættumati og viðbrögðum við áhættu.

3.1.9. Eftirlit með úrbótum á annmörkum sem fram koma á innra eftirliti.

3.1.10. Yfirfara fjárhagslegar upplýsingar og fyrirkomulag upplýsingagjafar frá stjórnendum, innri endurskoðanda og ytri endurskoðendum og hafa eftirlit með því að þær upplýsingar sem stjórnin fær um rekstur, stöðu og framtíðarhorfur félagsins séu áreiðanlegar og gefi sem gleggsta mynd af stöðu félagsins á hverjum tíma.

3.1.11. Hafa forgöngu um sameiginlegan fund stjórnar nefndarinnar og ytri endurskoðenda án viðveru daglegra stjórnenda.

3.2. Endurskoðunarnefnd skal setja sér árlega verkefnaáætlun.

#### **4. FUNDIR**

4.1. Formaður nefndarinnar boðar fundi og sér um að fundir séu færðir til bókar. Fundargerðir og gögn sem tekin eru fyrir á fundum nefndarinnar eru send á gagnasvæði nefndarmanna. Á næsta fundi er fundargerð borin upp til samþykktar. Í upphafi hvers starfsárs gerir nefndin áætlun um nefndarfundi ársins, fundi með endurskoðendum, stjórn og fundi með starfsmönnum félagsins.

#### **5. SAMSKIPTI VIÐ STJÓRN**

5.1. Endurskoðunarnefndin skilar a.m.k. árlega verkefnaáætlun og skýrslu um störf nefndarinnar til stjórnar Eikar. Í skýrslum til stjórnar skal koma fram samskipti nefndarinnar við stjórn, endurskoðendur og starfsmenn. Þá skal koma fram mat nefndarinnar á vinnuferli við gerð reikningsskila, virkni innra eftirlits og áhættustýringu. Einnig skal koma fram mat á óhæði endurskoðanda/endurskoðandafyrirtækis ásamt mati á endurskoðun ársreiknings.

#### **6. SAMSKIPTI VIÐ YTRI ENDURSKOÐENDUR**

6.1. Endurskoðendur eða endurskoðunarfyrirtæki skulu í samræmi við endurskoðunarstaðla kynna endurskoðunaráætlanir og framkvæmd endurskoðunar fyrir nefndinni. Þá skulu endurskoðendur, minnst einu sinni á ári, gera skriflega grein fyrir störfum sínum og óhæði til nefndarinnar. Mikilvæg atriði sem fram koma við endurskoðunina skal skýra nefndinni frá eins fljótt og auðið er og skal sérstaklega getið um mögulega veikleika í innra eftirliti í vinnuferli við gerð reikningsskila.

#### **7. UMBOÐ OG HEIMILDIR ENDURSKOÐUNARNEFNDAR**

7.1. Endurskoðunarnefnd hefur heimild til nauðsynlegrar upplýsingaöflunar innan Eikar til þess að geta uppfyllt skyldur sínar samkvæmt starfsreglum þessum. Endurskoðunarnefnd skal hafa aðgang að stjórn, stjórnendum og starfsmönnum Eikar til að fá upplýsingar um verklag og verkferla eða aðrar upplýsingar sem nefndin telur nauðsynlegt að fá vegna starfa sinna. Endurskoðunarnefnd hefur heimildir og fjárhagslegt svigrúm til að leita sér ráðgjafar eins og hún telur nauðsynlegt til að geta uppfyllt þessar skyldur. Framkvæmdastjóri og aðrir starfsmenn skulu vera nefndinni til aðstoðar eftir því sem hún óskar eftir.

#### **8. ÁRANGURSMAT**

8.1. Í árlegri skýrslu endurskoðunarnefndar Eikar til stjórnar félagsins skal getið um hvaða þættir í árlegri verkefnaáætlun hafa verið unnir, framvinda atriða í verkefnaáætluninni og hvort niðurstöður þeirra athuganna hafi verið ásættanlegar.

#### **9. GILDISTAKA, SAMÞYKKI OG BREYTINGAR Á STARFSREGLUM**

9.1. Stjórn Eikar hefur samþykkt starfsreglur endurskoðunarnefndar Eikar og taka þær gildi 30. maí 2016. Til breytinga á starfsreglunum þarf samþykki meirihluta stjórnar Eikar.

**ÞANNIG SAMÞYKKT Á STJÓRNARFUNDI HINN 30. MAÍ 2016.**